

SORPA bs
Ögmundur Einarsson
Gufunesvegi 12
112 Reykjavík

2007100111
9312; 9003; 9310;
0000

Reykjavík, 13. mars 2008

/--

Efni: Endurskoðun sameiginlegrar svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2008-2020. Matslýsing.


Skipulagsstofnun hefur borist til skoðunar matslýsing vegna sameiginlegrar svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2008-2020 sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, þar sem kveðið er á um samráð við Skipulagsstofnun um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfismati. Matslýsingin barst með bréfi dags, 25. febrúar 2008.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir matslýsinguna og gerir eftirfarandi athugasemdir:

- Í kafla 3.2 í matslýsingu kemur fram að í áætluninni verði mótuð stefna um staðsetningu förgunarstaða. Skipulagsstofnun gerir ráð fyrir að í umhverfisskýrslu verði fjallað um grunnástand umhverfisins á þeim förgunarstöðum sem skoðaðir verða auk þess sem fram komi upplýsingar um nálæg verndarsvæði, **önnur umhverfisleg verðmæti** (landslag og mikilvæg útivistarsvæði, sérstakar jarðmyndanir, fornleifar, byggingar með verndargildi og aðrar menningarminjar) og landnotkun skv. skipulagi á fyrirhuguðu svæði.
- Í kafla 2.1 er getið um tengsl við aðra áætlanagerð. Skipulagsstofnun bendir á að í umhverfisskýrslu þurfi að gera skýrt grein fyrir hvaða skipulagsáætlanir eru tengdar áætluninni, þ.e. hvaða gildandi svæðisskipulag, aðalskipulag og/eða deiliskipulag. Mikilvægt er að skoðað sé gildandi skipulag og í hvaða tilfellum þurfi að breyta skipulagi eða vinna nýtt deiliskipulag með tilkomu og framfylgd svæðisáætlunarinnar. Einnig er bent á að huga þurfi að hvað gæti betur átt við að meta á síðari stigum, s.s. eins og ásynd.
- Í kafla 3.3 í matslýsingu eru tilgreindir 8 yfirflokkar yfir umhverfisþætti sem hugsanlega geta orðið fyrir verulegum áhrifum. Þeir umhverfisþættir sem taldir eru upp í matslýsingunni eru nokkuð almennir en í umhverfisskýrslu þarf að greina þá betur og skýra af hverju viðkomandi umhverfisþættir eru taldir líklegir til að verða fyrir áhrifum. Í umhverfisskýrslu þarf síðan að gera grein fyrir niðurstöðu mats á áhrifum áætlunarinnar á þá umhverfisþætti auk þess sem gera þarf grein fyrir af hverju öðrum umhverfisþáttum er sleppt. Þá þarf að gera grein fyrir aðgerðum til að koma í veg fyrir

eða draga úr verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum, sbr. g-lið 6. gr. laganna. Skipulagsstofnun bendir á að kostnaður er ekki skilgreindur sem umhverfisþáttur í lögum um umhverfismat áætlana, þó að kostnaður geti haft áhrif á endanlega ákvörðun.

- Skipulagsstofnun vill benda á að í umhverfisskýrslu er mikilvægt að mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar sé sett fram með skýrum og opinskáum hætti og að niðurstöður um mat á vægi áhrifa skipulagsáætlunarinnar á mismunandi umhverfisþætti séu vel rökstuddar.
- Í kafla 3.4 í matslýsingu er fjallað um umhverfisviðmið og í töflu 1 eru talin upp ýmis stefnuskjöl. Skipulagsstofnun bendir á að í umhverfisskýrslu þarf að koma skýrt fram hvaða viðmið/umhverfisverndarmarkmið, sem fram koma í stefnuskjölunum, voru höfð til hliðsjónar við matið.
- Í kafla 4 er fjallað um vöktun. Skipulagsstofnun telur ljóst að í umhverfisskýrslu þurfi að gera skýra grein fyrir vöktunaráætlun við framfylgd áætlunarinnar.
- Í kafla 5 í matslýsingu er fjallað um samráð. Skipulagsstofnun bendir á að í umhverfisskýrslu verði greint frá kynningu og samráði sem farið hefur fram í ferlinu, hverja hefur verið haft samráð við á mismunandi stigum matsferlisins og hver afrakstur samráðs hefur verið, þ.e. hverjar eru helstu ábendingar og upplýsingar sem fengist hafa frá samráðsaðilum. Skipulagsstofnun fer fram á að umhverfisskýrsla berist stofnuninni til umsagnar í upphafi kynningartíma.


Jakob Gunnarsson

Afrit: VGK-Hönnun, Jóna Bjarnadóttir